

## T I L L A G A

### að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023.

Flm. Stefán Magnússon, Auður Thorberg Jónasdóttir, Einar Már Sigurðarson, Óskar Magnússon, Steindór R. Haraldsson og Ríkharður Ibsen.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Lagðir skulu til embættisbústaðir fyrir vígslubiskupa í umdænum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Á vorþingi 2023-2024 var lögð fram tillaga um brottafall skyldu til að leggja til embættisbústað fyrir biskup Íslands í Reykjavík. Afbrigði frá þingsköpum til að taka málið fyrir voru ekki samþykkt. Málið er því lagt fram aftur á 66. kirkjuþingi 2024 - 2025. Biskupsbústaður í Reykjavík hefur nú verið seldur og mun nýkjörinn biskup ekki óska eftir embættisbústað. Lögð verður til aðstaða fyrir móttökur biskups o.fl.

Í núverandi 2. mgr. 7. gr starfsreglna um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023 segir:

„Pá skal lagður til embættisbústaður fyrir biskup Íslands og biskupssetur fyrir vígslubiskupa í umdænum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.“

Til að ná fram markmiði starfsreglubreytingarinnar um að ekki skuli lagður til embættisbústaður fyrir biskup Íslands þá þarf umrædd 2. mgr. 7. gr. að orðast sem hér segir:

„Lagðir skulu til embættisbústaðir fyrir vígslubiskupa í umdænum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.“

Hér er búið að taka embættisbústað biskups Íslands út úr starfsreglunum og eftir standa biskupssetur vígslubiskupana á Hólum og í Skálholti sem þessi tillaga að breytingum á starfsreglum nær ekki til.